

23. janúar 2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**EFNI:** Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs.

**Tilvísun:** Þingskjal 203 – 169. mál á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Landvernd tekur undir tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Í sameiginlegri umsögn þrettán náttúruverndarsamtaka á Íslandi, þ.m.t. Landverndar, um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landssvæða frá nóvember 2011 kemur fram sá vilji samtakanna að miðhálandi Íslands verði friðlýst með stofnun þjóðgarðs<sup>1</sup>. Í umsögninni segir m.a. (bls. 17):

*„Mörg og sterk rök hníga að slíkri friðlýsingu; sérstök náttúra sem Íslendingar bera ábyrgð á, möguleikar til einstakrar upplifunar og hughrifa, og sjálfbær ferðapjónusta og verðmætasköpun fyrir þjóðina. Útivist í lítt snortinni náttúru er einnig mjög mikilvæg fyrir líkamlega heilsu og vellíðan fólks. Sérstaða og verðmæti svæðisins felast í einstakri náttúru, gróðurvinjum, jarðfræði og landmótun, einstöku samspili elds og íss og óviðjafnanlegum andstæðum í landslagi og víðernum sem af mörgum eru talin meðal síðustu stóru víðerna Evrópu.“*

Stjórn Landverndar leggur áherslu á mikilvægi miðhálandisins sem einnar samfelldrar heildar og vill tryggja verndun þeirrar heildar í þágu velferðar okkar og komandi kynslóða. Stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, með Þjórsárver í suðri, Kerlingarfjöll í vestri, Guðlaugstungur, Orravatnsrústir og jökulvötn Skagafjarðar í norðri, auk annarra aðliggjandi svæða eftir samkomulagi væri mikilvægt skref í átt að miðhálandisþjóðgarði, en segja má að fyrsta skrefinu að honum sé þegar náð með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

Tilkoma Hofsjökulspjóðgarðs væri því afar jákvæð þróun í náttúruverndarmálum á Íslandi. Um Þjórsárver og svæðið í kring hefur staðið deila í yfir 40 ár vegna áforma um Norðlingaölduveitu, og einnig hefur verið tekist á um virkjanir í skagfirsku jökulánum, nú síðast hörð ádeila í janúar á þessu ári á friðlandsmörk í Þjórsárverum sem dregin hafa verið af núverandi umhverfisráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni. Í þessum deilum, og þá sérstaklega í kringum Þjórsárver, hefur komið í ljós hve

mikilvæg svæðin eru fyrir menningu og sjálfsmynd heimamanna og í raun fjölmargra Íslendinga<sup>ii</sup>. Erlend náttúruverndarsamtök og þekktir einstaklingar innan þess geira hafa einnig bent á mikilvægi svæða eins og Þjórsárvera fyrir náttúruvernd á heimsvísu. Þjórsárver eru í hugum margra orðin tákni fyrir náttúruverndarbaráttu á Íslandi og tími kominn til að þau og nærliggjandi svæði fái þann sess sem þau eiga skilið.

Stjórn Landverndar tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að við afmörkun væntanlegs þjóðgarðs verði tekið mið af þeim forsendum fyrir vernd náttúrufars og menningarminja sem liggja til grundvallar þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. janúar 2013. Ef þetta er skoðað m.t.t. Norðlingaölduveitu og Þjórsárverasvæðisins, þá eru þessar forsendur eins og þær lúta að virkjanahugmyndum í vatnsafli, m.a. skilgreindar svo í VI. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2011:

*„[v]irkjunarsvæði í vatnsafli miðist almennt við allt vatnasvið fallvatns ofan þeirrar virkjunar sem nýtir fallið og farveg fallsvatnsins neðan virkjunar“.*

Jafnframt segir um afmörkun svæða í kafla 3.2.1. í niðurstöðum 2. áfanga rammaáætlunar (júní 2011) að:

*„[s]væði sem til greina koma vegna vatnsaflsvirkjana voru afmörkuð þannig að miðað var við vatnasvið ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja en þar fyrir neðan var aðeins tekinn meginfarvegurinn og næsta nágrenni hans (100-500 m út frá miðlínu eftir aðstæðum)“.*

Þá kemur fram eftirfarandi rökstuðningur fyrir verndun svæðisins sem Norðlingaölduveita er innan í athugasemdum við þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun (þskj. 1165 – 727. mál, 140. löggj.þ., 2011-2012; kafla 5.1):

*„Felur í sér röskun vestan Þjórsár á lítt snortnu landi í jaðri Þjórsárvera, auk áhrifa á sérstæða fossa í Þjórsá. Kvíslaveitur hafa nú þegar virkjað þverár sem falla í Þjórsá að austan, en kvíslum vestan ár hefur verið hlíft. Virkjunarkostur sem liggur á jaðri svæðis með hátt verndargildi sem menn eru sammála um að eigi að njóta friðunar. Mannvirki rétt við friðland yrðu til lýta. Því þykir rétt að vernd á svæðinu verði látin hafa forgang.“*

Þetta þýðir að í suðri ætti Hofsjökulþjóðgarður að markast af því svæði sem tilheyrir vatnasviði Efri-Þjórsár ofan stíflu Norðlingaölduveitu eins og hún var skilgreind í 2. áfanga rammaáætlunar og árfarveginum og næsta nágrenni (100-500m) fyrir neðan lónið, allt niður að Sultartangalóni, þar sem önnur virkjunarmannvirki taka við.

Stjórn Landverndar tekur undir það sem segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni að líta beri til friðlýsingar jökulvatna Skagafjarðar sem hluta af fyrirhuguðum þjóðgarði. Faghópur I í rammaáætlun komst einmitt að þeirri niðurstöðu að Jökulsárnar í Skagafirði og vatnasvið þeirra væru á meðal

verðmætustu svæða landsins þegar kemur að menningarminjum, jarðminjum, vatnafari, verðmætum tegundum lífvera, vistkerfum og jarðvegi<sup>iii</sup>.

Þá skal hér bent á þá skoðanakönnun sem Capacent Gallup vann fyrir þau náttúruverndarsamtök sem stóðu að ofangreindri umsögn, og einnig er nefnd í þingsályktunartillögunni, en hún leiddi í ljós að víðtækur stuðningur er við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands<sup>iv</sup>: 56% aðspurðra voru hlynnt, einungis 17,8% andvíg og 26,2% tóku ekki afstöðu. Hugmyndin á vísan stuðning meðal kjósenda allra stjórnmalaflokka, meðal allra aldurshópa og um allt land. Hugmyndin um miðhálandisþjóðgarð er því til þess fallin að skapa sátt um verndun þessa svæðis og Hofsjökulsþjóðgarður er mikilvægt skref í þá átt.

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að við undirbúning að stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs sé litið til þess að verndarákvæði taki mið að viðmiðum Alþjóðanáttúruverndarsamtakana (IUCN) um þjóðgarða og önnur verndarsvæði líkt og fordæmi eru fyrir í Vatnajökulsþjóðgarði. Öll útfærsla þjóðgarðsmarka og verndarákvæða ætti að fara í víðtækt samráðsferli, í sem bestu samstarfi við hluteigandi rétthafa, þar með talin frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar og útivistar.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar,

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
framkvæmdastjóri.

---

<sup>i</sup> Áhugahópur um verndun Jökulsána í Skagafirði, Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Félag um verndun hálandis Austurlands, Framtíðarlandið, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN), Sól á Suðurlandi. 2011.

*Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.* Reykjavík, 11. nóvember 2011, 56 bls. URL: <http://www.landvernd.is/frettirpage.asp?ID=2421>.

<sup>ii</sup> Helga Ögmundardóttir. 2011. *The Shepherds of Þjórsárver, Ph.D. thesis.* Uppsala university: Sweden.

<sup>iii</sup> Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og iðnaðarráðuneytið. 2011. *Niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar*, bls. 62-67.

<sup>iv</sup> Capacent Gallup. *Viðhorf til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.* Október 2011. URL: [http://www.natturuverndarsamtok.is/pdf/https\\_\\_\\_postur.internet.pdf](http://www.natturuverndarsamtok.is/pdf/https___postur.internet.pdf).